



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Innanríkisráðuneytinu
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 16. ágúst 2016

1511244SA KB/TrÞ
Málalykill: 01.80

Efni: Samningur um notkun á höfundaréttarvörðu efni í skólastarfi - hlutdeild sveitarfélaga

Vísað er til fundar sem haldinn var í innanríkisráðuneytinu þann 23. júní sl., þar sem til umræðu var hlutdeild sveitarfélaga í endurnýjuðum samningi um notkun á höfundaréttarvörðu efni í skólastarfi. Um er að ræða miðlægan samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins annars vegar og hins vegar Fjölís af hálfu rétthafa að efninu. Í ráði er að samningurinn taki við af samningi, dags. 20. febrúar 2001, um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í skólum.

Væntanlegur samningur mun mæla fyrir um endurgjald til Fjölís vegna notkunar á höfundaréttarvörðu efni í skólastarfi. Út frá því er gengið að endurnýjaður samningur nái til leik-, grunn-, tónlistar-, framhalds- og háskóla sem reknir eru af ríki eða sveitarfélögum. Samningurinn er því töluvert viðtækari en eldri samningur (sem náði einungis til grunnskólans) auk þess sem hann tekur til stafrænnar notkunar á efni.

Samningsgerðin hefur komið til umræðu í Jónsmessunefnd og miðað er við að fjármála- og efnahagsráðherra samþykki væntanlegan samning fyrir sitt leyti, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Þeir sem komið hafa að viðræðum eru sammála um að í því felist veruleg rekstrarleg hagræðing - bæði fyrir ríki og sveitarfélög - að gera einn miðlægan samning. Gert er ráð fyrir að hlutdeild sveitarfélaga í greiðslum skv. samningnum berist með beinum hætti til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem sjái um að greiða þá hlutdeild til Fjölís ásamt framlagi á fjárlögum vegna skóla sem reknir eru af ríkinu.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið þátt í viðræðum á þeirri forsendu að það sé hluti af lögbundnu og lögákveðnu hlutverki sveitarfélaga að tryggja nauðsynlegar notkunarheimildir við faglegan rekstur skóla. Að mati sambandsins hefur einn miðlægur samningur eftirfarandi ávinning í för með sér gagnvart sveitarfélögum:

- Magnafslátt með því að rétthafasamtök fá greiðslu á einu bretti.
- Betri þjónustu við nemendur með því að ekki þurfi að semja sérstaklega t.d. um stafræna notkun.
- Léttari stjórnslu þar sem innheimta og umsýsla vegna réttindamála fer fram miðlægt en snýr ekki að hverju sveitarfélagi eða hverjum skóla fyrir sig.
- Jafnræði virt með því að hlutdeild berist frá öllum sveitarfélögum.

Á fyrrgreindum fundi var rætt um hvort, og þá með hvaða hætti, jöfnunarsjóður gæti komið að því að hlutdeild sveitarfélaga í greiðslum berist beint til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.



Að teknu tilliti til niðurstöðu umræðna óskar sambandið hér með eftir því að ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðs samþykki fyrir sitt leyti að sjóðurinn greiði árlegt framlag til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem svari til umsaminnar hlutdeildar sveitarfélaga í hinum miðlæga samningi.

Tekið er fram að í viðræðum aðila hefur verið gengið út frá því að hin umsamda hlutdeild verði á bilinu 15 - 20 m.kr. og taki sömu verðlagsbreytingum og endurgjald ríkisins samkvæmt miðlægum samningi.

Samþykki ráðgjafarnefndin að gera þessa tillögu til innanríkisráðherra, myndi hún fá útfærslu í sérstöku samkomulagi, sbr. meðf. drög.

Af hálfu sambandsins er lögð megináhersla á að jöfnunarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki gagnvart rekstrarkostnaði grunnskólans. Erindið hefur því beina tengingu við lögbundið hlutverk sjóðsins, auk þess sem ýmis fordæmi eru fyrir því að sjóðurinn taki að sér framlög vegna verkefna sem hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin og unnin eru í almannapágu. Sambandið telur því að erindið uppfylli markmið skv. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en heimilt er skv. f-lið 7. gr. að úthluta sérstökum framlögum í þessu skyni sbr. reglugerð nr. 267/2013.

Sambandið óskar eftir að fá tækifæri til þess að fylgja þessu erindi eftir á næsta fundi ráðgjafarnefndar jöfnunarsjóðs.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Meðf.: Drög að samkomulagi um millifærslu fjármuna vegna miðlægs samnings um notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólum

Afrit: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga